

Nd. 400. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um rannsókn á aðbúð fanga í Reykjavík.

Flm.: Gunnar M. Magnúss.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar þriggja manna nefnd til þess að rannsaka þá aðbúð, sem fangar eiga við að búa í lögreglustöð Reykjavíkur, þeir sem „teknir eru úr umferð“ og settir í fangelsi (kjallara) lögreglustöðvarinnar eða Skólavörðustíg 9 og hafðir þar í haldi um stundarsakir eða lengri tíma. Nefndin hafi rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin skila álitni og tillögum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, 8. okt. 1955.

Greinargerð.

Það mun almennt viðurkennt af þeim, er nokkuð til þekkja, að margs konar vandkvæði séu nú á meðferð fanga eða manna, sem handteknir eru af lögreglunni í Reykjavík og hafðir í haldi um lengri eða skemmri tíma. Alloft ber það við, að fluttar eru í blöðum frásagnir af vistarverum lögreglunnar, sem handteknur mönnum er varpað í, og tíðum kemur fram hörð gagnrýni á framferði lögreglunnar og lög-gæzlumanna í sambandi við handtökur og meðferð fanga.

Lögreglan býr við ýmis vandkvæði og erfiðleika og gerir sennilega margt verr en skyldi sökum óhagstæðra skilyrða. Lögreglustöð Reykjavíkur er í hjarta borgarinnar við aðalsamgönguæðina til hafnarinnar og milli tveggja fjölförnustu gatna borgarinnar, Austurstrætis og Hafnarstrætis. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að óheppilegri staður fyrir slíka miðstöð er ekki til í borginni. Þar er í rauninni daga og nætur opinber sýning á þeim mönnum, sem fyrir einhver óhöpp lenda í höndum lögreglunnar. Geta má nærri, hvílik áhrif það hefur á unglíng, sem í fyrsta sinn verður fyrir því að vera handtekinn af lögreglunni og ekið er til lögreglustöðvarinnar, tekinn þar út úr lögreglubílnum, oft illa til reika, og dreginn milli tveggja lögregluþjóna inn í stöðina í viðurvist vegfarenda, sem oft eru margir á þessum mestu umferðargötum borgarinnar. Það er ekki ósennilegt, að slík meðferð kveiki neista óvildar, þrjúzku, virðingarleysis og ef til vill haturs gegn lögreglunni. Þetta er það, sem utan dyra er hverjum vegfaranda til sýnis. En það, sem innan dyra gerist, er fáum ljóst. Það er því tilgangur þessarar þingsályktunartillögu, að væntanleg nefnd athugi það mál og geri tillögur til úrbóta hið bráðasta.